

Nd.

83. Nefndarátt

nm frumv. til laga um breyting á lögum nr. 40. 20. júní 1923, um skemtana-skatt og þjóðleikhús.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg hefi ekki getað orðið sammála háttv. meðnefndarmönnum mínum um að mæla með þessu frumv., að það verði samþykkt óbreytt. Sjerstaklega eru það 1. og 5. gr. þessa frumv., sem jeg get með engu móti fallist á. Jeg sje engar ástæður mæla með því, að farið sje að reita saman þennan skatt af smákaup-túnunum úti um alt land. Það mundi verða ærið óvinsælt og engin sanngirni, sem mælir með þvílíkri ásælni. Mjer sýnist sem menn geti látið sjer lynda að taka skatt af þeim kaupstöðum, sem eru það fjölmennir, að ákvæði gildandi laga ná til þeirra.

Upphaflega, þegar lög um þetta efni voru sett (1918), var svo ráð fyrir gert, að hjeruðin sjálf ráðstöfuðu því sje, er þau fengju með þessu móti. Þetta var í alla staði sjálfsagt. Og þegar lögnum var breytt 1923 í það horf, sem þau eru nú í, sætti það miklum mótmælum af hálfu Reykjavíkur. Bærinn hafði þá ákveðið að verja þeim fjármunum, sem honum með þessu móti áskotnuðust, í alt öðru skyni, og líkt mun hafa verið ástatt með aðra kaupstaði. Þó höfðu lögin þá staðið fremur stutta stund. Fullvíst er nú um ýms kauptún úti nm landið, að þau hafa ákveðið að nota þá peninga, sem þeim áskotnast af skemt-unum, til styrktar ýmsum nauðsynjafyrirtækjum, sem þau sumpart hafa ráðist í nú þegar, eða ætla sjer að framkvæma. Eigi nú að svifta þau þessum tekjum, verður það aðeins til þess að hindra framkvæmdir hjá þeim og íþyngja íbúun-um, en þjóðleikhússjóðinn munar áreiðanlega ekki það miklu um, hvort hann fær þessa peninga eða ekki, að vert sje þeirra hluta vegna að beita menn viðs-vegar um land þessu ranglæti.

Breytingar þær, sem frumv., að undanskildum þessum tveimur greinum, sem jeg hefi áður nefnt (1. og 5. gr.), fer fram á, sje jeg ekki ástæðn til að mæla á móti, að verði samþykktar.

Jeg legg þess vegna til, að frumv. verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM :

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
Greinatalan breytist samkvæmt því.

Alþingi, 2. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson.